



# YFIRLIT ÁRSINS 2020

## FLUGSVIÐ



## Efnisyfirlit


TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS .....	3
TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU .....	4
RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU .....	6
NEFNDARFUNDIR .....	8
TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT .....	9
Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2020: .....	10
Almenn tilmæli til flugmanna og flugkennara sem gerð voru á árinu 2020: .....	12
ERLENT SAMSTARF 2020 .....	14
BANASLYS .....	15
OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2020 .....	17
Aldur opinna mála .....	17
Opin mál í árslok .....	17

## TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2020 bárust flugsviði RNSA alls 2.281 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Er þetta talsverð fækkun frá árinu 2019 en þá voru þær 3.619.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli því tekið til rannsóknar. Vakin er athygli á því að stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Tilkynnt atvik til Samgöngustofu eru greind þar og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2011 til 2020. Á árinu 2020 má sjá verulega fækkun tilkynninga og er það rakið til almennrar fækkunar flugstunda sökum Covid-19.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga á árunum 2011-2019 má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukningu flugumferðar.


## TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU

Flugsvið RNSA skoðaði 23 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru og skráði 14 þeirra sem alvarleg flugatvik/flugumferðaratvik eða flugslys og tók þau til formlegrar rannsóknar. Á árinu 2019 voru 4 mál skráð sem flugslys, ekkert banaslys í flugi varð á árinu 2020. Níu mál reyndust þess eðlis að ákveðið var að rannsaka þau ekki frekar eða færð undir aðra rannsókn.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2020.

Málsnúmer	Flokkun	Heiti	Skráning	Tegund	Staður	Dags
20-014F001	Flugslys	Lendingarbúnaður gaf sig í landingarbruni	TF-FIA	Boeing 757-200	BIKF	7.2.2020
20-015F002	Minniháttar mál	Ókyrrð í aðflugi	TF-FIK	Boeing 757-200	Manchester	9.2.2020
20-029F003	Minniháttar mál	Cabin crew injured in turbulence	TF-FIX	Boeing 757-300	Á flugi KEF-AMS	10.2.2020
20-030F004	Alvarlegt flugatvik	Söndunarbíll á flugbrautarendu í landingu	TF-FXA	Bombardier DHC-8-400	BIEG	26.2.2020
20-033F005	Alvarlegt flugatvik	Eldsneytisþurrð rétt fyrir landingu	TF-PAA	Piper PA-16	BIAR	5.3.2020
20-034F006	Minniháttar mál	Suspected co-pilot incapacitation during approach	TF-ISF	Boeing 757-200	Brussel	6.3.2020
20-039F007	Flugslys	Lenti á frostnu vatni og braut nefhjól	TF-ASK	C.P. Savannah S	Þingvallarvatn	19.3.2020
20-040F008	Flugumferðaratvik	Flaug í veg fyrir flugvél sem var á lokastefnu fyrir braut 19 á BIRK	TF-IFD TF-PAC	Tecnam P2002 Piper PA-18-95	BIRK	28.3.2020
20-046F009	Alvarlegt flugatvik	Missti afl á hreyfli og nauðlenti á túni	TF-ROD	Piper PA-12 replica	Dagverðareyri í Eyjafirði	12.4.2020
20-051F010	Alvarlegt flugatvik	Hafnaði utan flugbrautar í snertilendingu	TF-ISE	Textron 172N	Sandskeiði	25.4.2020
20-055F011	Flugumferðaratvik	Flaug yfir aðra flugvél við BIKF	TF-KFG TF-KFF	Diamond DA-20 Diamond DA-20	BIKF	23.5.2020
20-068F012	Minniháttar mál	Flugumferðaratvik	TF-FGA TF-IFA	Diamond DA-20 Tecnam P2002	BIRK	7.7.2020
20-076F013	Alvarlegt flugatvik	Missti stjórn í landingu	TF-IFA	Tecnam P2002	Múlakot	23.7.2020
20-079F014	Minniháttar mál	Lýsti yfir neyðarástandi og snéri við	TF-ISD	Boeing 757-200	BIKF	16.8.2020
20-084F015	Flugslys	Hafnaði á maganum í flugtaki	D-EMBW	Piper PA-28R	Ísafirði	21.8.2020
20-085F016	Flugumferðaratvik	Flaug í veg fyrir flugvél á lokastefnu braut 01 á BIKF	TF-KFG HA-LXG	DA-20 / Airbus 321	BIKF	22.8.2020
20-088F017	Minniháttar mál	Paraglider starfsemi á flugbraut		Paraglider	Sandskeiði	25.8.2020
20-089F018	Minniháttar mál	Ók á bifreið í Fluggörðum	TF-RVM	Piper PA-28-181	BIRK	26.8.2020
20-095F019	Flugslys	Brotlenti skammt frá flugvelli	TF-ALB	CP 750 Beryl	Forsæti	15.9.2020
20-096F020	Minniháttar mál	Hægri vængendi 3cm frá flugbraut	F-WWQA	Dassault Falcon 8X	BIKF	15.10.2019
20-100F021	Flugumferðaratvik	Flugvél í flugtaki á 01 þegar önnur flugvél ók í brautarstöðu þvert af Sierra	TF-KFA TF-KFG	Diamond DA-20 Diamond DA-20	BIKF	24.9.2020
20-107F022	Minniháttar mál	Loftskrúfa rakst í jörðu í landingu	TF-KOZ	Bellanca 7GCBC	BIRL	12.10.2020
20-128F023	Alvarlegt flugatvik	Snéri af leið vegna titrings í hreyfli	N810NW	Airbus 330	BIKF	28.12.2020

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



## RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU


Á árinu 2019 lauk flugsvið RNSA alls 30 máli. Þar af var 11 málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu, 8 málum var lokað með bókun, 1 mál var sameinað öðrum málum og 10 mál reyndust við nánari skoðun vera flugatvik og voru því ekki rannsökuð frekar.

Málsnúmer	Heiti	Afgreiðsla	Opnað	Lokað
2016-052F012	HB-ZOO Brotlenti við Nesjavelli	Skýrsla	22.5.2016	14.5.2020
2016-131F022	TF-ISR árekstrarhætta við jörðu	Skýrsla	19.10.2016	30.6.2020
17-114F019	TF-KFG Hlekkist á í landingu	Skýrsla	28.7.2017	29.10.2020
18-034F008	TF-FIV fór útaf akbraut í beygju út af flugbraut	Skýrsla	10.3.2018	3.9.2020
18-104F018	EI-FHD tire burst and hydraulic system damage during takeoff at BIKF	Skýrsla	16.6.2018	11.6.2020
19-082F020	TF-MAJ missti mótör og nauðlenti á túni við Birtingarholt í Hrunamannahreppi	Skýrsla	6.6.2019	15.10.2020
19-085F023	N3294P flugslys í Múlakoti	Skýrsla	9.6.2019	29.10.2020
19-092F024	TF-KFC brotlenti eftir niðurstreymi við Látrabjarg	Skýrsla	13.6.2019	30.12.2020
19-114F030	TF-DGA fór út af braut og á bakið í landingu á Haukadalsmelum	Lokað með bókun	25.7.2019	5.3.2020
19-117F032	TF-FGA og TF-IFB flugumferðaratvik við landingu á BIRK 01	Minniháttar mál	22.7.2019	9.11.2020
19-118F033	TF-KAY Hlekkist á í flugtaki í Svefneyjum	Skýrsla	15.8.2019	30.12.2020
19-122F037	TF-IFD/ENR50 flugumferðaratvik við BIRK	Lokað með bókun	18.7.2019	30.12.2020
19-142F041	TF-KAJ brotlenti á Skálafellsöxl	Skýrsla	17.9.2019	30.12.2020
19-143F042	TF-FIP þrjár veikar flugfreyjur vegna loftgæða Zurick	Sameinað máli 19-001F001	18.9.2019	3.7.2020
19-158F043	N812AM RWY excursion at the end of RWY 01	Skýrsla	28.10.2019	12.11.2020
19-173F047	TF-IFD & TF-CCB flugumferðaratvik í aðflugi að BIRK	Lokað með bókun	17.8.2019	30.12.2020
20-015F002	TF-FIK Ókyrrð í aðflugi til Manchester	Minniháttarmál	9.2.2020	14.5.2020
20-029F003	TF-FIX cabin crew injured in sudden turbulence	Minniháttarmál	10.2.2020	28.2.2020
20-033F005	TF-PAA eldsneytisþurrð rétt fyrir landingu	Lokað með bókun	5.3.2020	28.5.2020
20-034F006	TF-ISF suspected co-pilot incapacitation during approach to Brussel	Minniháttarmál	6.3.2020	9.3.2020
20-039F007	TF-ASK lenti á Þingvallavatni og braut nefhjól	Lokað með bókun	19.3.2020	9.7.2020
20-046F009	TF-ROD missti afl á hreyfli og nauðlenti á túni á Dagverðareyri í Eyjafirði	Lokað með bókun	12.4.2020	20.8.2020
20-051F010	TF-ISE hafnaði utan flugbrautar í snertilendingu á Sandskeiði	Lokað með bókun	25.4.2020	11.6.2020
20-068F012	TF-FGA & TF-IFA flugumferðaratvik á BIRK	Minniháttarmál	7.7.2020	4.8.2020
20-076F013	TF-IFA Missti stjórn í landingu í Múlakoti	Minniháttarmál	23.7.2020	30.12.2020

20-079F014	TF-ISD - Lýsti yfir neyðarástandi og snéri við til BIKF	Minniháttar mál	16.8.2020	19.1.2021
20-088F017	Paraglider starfsemi á flugbraut við Sandskeið	Minniháttarmál	25.8.2020	9.11.2020
20-089F018	TF-RVM Ók á bifreið í Fluggörðum	Minniháttarmál	26.8.2020	9.11.2020
20-096F020	F-WWQA hægri vængendi 3cm frá flugbraut á BIKF 15.10.2019	Minniháttarmál	14.9.2020	18.9.2020
20-107F022	TF-KOZ loftskrúfa rakst í jörðu í landingu á BIRL	Minniháttarmál	12.10.2020	16.10.2020

## NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2020 voru haldnir 27 nefndarfundir á flugsviði RNSA en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku.




Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við drög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.



## TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT

Flugsvið RNSA gerði samtals 28 tillögur og/eða tilmæli í öryggisátt á árinu 2020. Á síðastliðnu tíu ára tímabili eða frá árinu 2011 hefur flugsvið RNSA gefið út samtals 132 tillögur eða tilmæli í öryggisátt sem er um 13 á ári eða að jafnaði rúmlega ein á mánuði.

Munurinn á tilmælum og tillögum er eftir verklagi flugsviðs RNSA sá að tilmæli eru almenn og ná t.d. til flugmanna almennt en tillögur í öryggisátt hafa sérstakt ferli og eru sérstaklega númeraðar. Þeir sem taka við tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd skal, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Ef litið er á lengra tímabil þá hafa þessar stofnanir sameiginlega gefið út samtals 322 tillögur eða tilmæli í öryggisátt frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 13 tillögur/tilmæli að meðaltali á ári frá árinu 1996, tillögu og tilmæli sem stuðla að auknu flugöryggi og er það rúmlega ein á mánuði síðastliðin 25 ár.

Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>

## Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2020:

16-131F022 T1	RNSA beinir tillögu í öryggisátt til Ícelandir að félagið hvetji flugmenn sína til þess að nota reglulega RNAV aðflug.
16-131F022 T2	RNSA beinir tillögu í öryggisátt til Ícelandair að félagið íhugi að yfirfara verklagsleiðbeiningar þannig að flugmenn félagsins uppfæri hraða í flugtölvum við undirbúning aðflugs, í samræmi við hleðslu flugvélar og veðuraðstæður, þannig að hraðar sjálfstýringarbúnaðar séu rétt upp settir fyrir aðflug.
16-131F022 T3	RNSA beinir tillögu í öryggisátt til Ícelandair að félagið hugi að því að takmarka fjölda tímabundinna breytinga á staðlaðri flughandbók (SOP) á milli skipulagðra hálfársútgáfa, til þess að gefa flugmönnum færi á að meðtaka breytingarnar.
16-131F022 T4	Með tilliti til útbreiddrar nútímataækni við myndræna upplýsingaöflun leggur RNSA til að Samgöngustofa beiti sér fyrir á alþjóðavettvangi (hjá ICAO) að framsetning NOTAM sé uppfærð yfir á myndrænt form, þar sem það á við.
16-131F022 T5	Með tilliti til útbreiddrar nútímataækni við myndræna upplýsingaöflun leggur RNSA til að Samgöngustofa beiti sér fyrir á alþjóðavettvangi (hjá ICAO) að framsetning á upplýsingarflæði til flugmanna sé uppfærð með myndrænni framsetningu þeirra svæða sem SIGMET skeyti eiga við.
16-131F022 T6	Að Isavia taki fyrir í síþjálfun flugumferðarstjóra verkferla í MANOPS er snúa að því að tiltaka ávallt hvaða RNAV feril skuli notast við að flugbraut, ef tveir eða fleiri RNAV ferlar hafa verið settir upp fyrir flugbrautina.
16-131F022 T7	RNSA leggur það til við Isavia eða dótturfyrirtæki þess Isavia ANS að þar sem því verður komið við að jákvætt sé tekið í beiðnir flugmanna til flugumferðarstjóra um RNAV aðflug, jafnvel þótt ILS kerfið sé virkt, því nauðsynlegt er fyrir flugmenn að æfa sig / halda sér við með reglulegri notkun RNAV aðfluga.
16-131F022 T8	RNSA leggur það til við Isavia eða dótturfyrirtæki þess Isavia ANS að hugað verði að innleiðingu á búnaði í flugumferðarstjórnunarkerfi Isavia fyrir aðflug til Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurflugvallar (FAXI TMA), sem og fyrir Keflavíkurflugvöll (BIKF TWR) og Reykjavíkurflugvöll (BIRK TWR) sem vakti fylgni flugvéla í stjórnun loftrými við heimilaða flugleið.
18-034F008 T01	RNSA leggur það til við Isavia að við stjórnun flugumferðar á jörðu niðri sé loftförum ekki beint inn á athafnasvæði flugvallarins nema fullnægjandi snjóhreinsum hafi farið fram.
18-034F008 T02	RNSA leggur það til við Isavia eða dótturfyrirtæki þess Isavia ANS að við stjórnun flugumferðar sé gætt að auknum aðskilnaði þegar aðstæður kalla á lengri rýmingartíma flugbrauta.

18-034F008 T03	RNSA leggur það til við Isavia eða dótturfyrirtæki þess Isavia ANS að gefin sé út tilkynning til flugmanna (NOTAM) ef lýsing á flugbrautum eða akbrautum er ábótavant.
18-104F018 T01	The ITSB issues the following safety recommendation to Isavia to review regularly the FOD program and procedures associated, to ensure that runways are as far as possible clear of debris.
19-082F020 T01	The ITSB issues the following safety recommendations to Continental to Take the necessary quality assurance steps to ensure that connecting rod and the small end bushings conform to the required specifications and standards.
19-085F023 T01	RNSA beinir því til Samgönguráðuneytisins að beita sér fyrir þéttingu nets sölustaða Avgas 100LL eldsneytis á flugvöllum landsins.
19-085F023 T02	RNSA beinir því til Samgöngustofu að beita sér í forvörnum og fræðslu er varðar yfirsýn flugmanna á eldsneyti um borð og hættu á eldsneytisþurrð.
19-085F023 T03	RNSA beinir því til Samgöngustofu að uppfæra Flugmálahandbók Íslands (AIP) er varðar upplýsingar um aðgengi að eldsneyti á flugvöllum landsins.
19-158F043 T01	The ITSB issues the following safety recommendations to Isavia that during braking action measurement, if abnormally worse braking actions are measured at the runway ends that do not concur with the average 1/3 runway value being measured, pilots should be notified.
19-142F041-T01	RNSA beinir því til Samgöngustofu að beita sér í forvörnum og fræðslu er varðar flug við fjöll eða í fjalllendi.

## Almenn tilmæli til flugmanna og flugkennara sem gerð voru á árinu 2020:

<p>RNSA hvetur flugmenn að gæta sérstaklega að sér þegar flogið er mismunandi tegundum loftfara.</p>
<p>RNSA minnir flugmenn á mikilvægi þess að framkvæma ávallt þyngdarútreikninga og afla sér veðurupplýsinga fyrir hvert flug.</p>
<p>RNSA beinir eftirfarandi tilmælum til flugmanna, flugrekstraraðila sem og veitenda flugleiðsöguþjónustu Að uppfylla skyldur sínar um tilkynningar alvarlegra flugatvika, án undandráttar og án ástæðulausrar tafar, til Rannsóknarnefndar samgönguslysa.</p>
<p>RNSA vill koma því á framfæri til flugkennara að fylgja ávallt verklagi um formleg skipti á stjórn loftfars. Vert er að minna á upplýsingabréf Flugmálastjórnar frá árinu 1988 sem kallast „Hver á að stjórna“. RNSA hvetur Samgöngustofu (SGS) til þess að endurnýja upplýsingabréfið og gera það aðgengilegt á vefsvæði SGS.</p>
<p>RNSA minnir flugmenn á að framkvæma eldsneytisútreikninga fyrir flug og tryggja að nægilegt eldsneyti sé fyrir það flug sem þeir hyggjast fljúga, auk varaeldsneytis.</p>
<p>RNSA minnir flugmenn á að nota gátlista.</p>
<p>RNSA hvetur flugmenn til þess að hafa ávallt kveikt á ratsjársvara í flugi, sé hann til staðar.</p>
<p>RNSA leggur áherslu á það við flugmenn að huga vel að veðurskilyrðum og gæta varúðar ef flogið er hlémegin við kletta eða fjöll.</p>
<p>RNSA hvetur flugmenn til þess að taka ávallt tilhlýðilegt tillit til aðstæðna.</p>

RNSA vill beina því til flugmanna að gæta varúðar ef flogið er nálægt fjöllum eða fjallsbrúnum og ígrunda vel veðuraðstæður á flugleiðum sínum.

## ERLENT SAMSTARF 2020

Sökum heimsfaraldurs voru ferðalög rannsakennda RNSA mun færri en venja hefur verið en rannsakenndur á flugsviði tóku þátt í erlendu samstarfi í formi fjarfunda svo sem hjá Norðurlöndum og í Evrópusamstarfi rannsóknarnefnda flugslysa. Að þessu sinni var Norðurlandafundurinn haldinn sem fjarfundur og eins og undanfarin ár tók flugsvið RNSA virkan þátt í tengslaneti rannsakennda í Evrópu (ENCASIA) en tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins.

Hefðbundnar ráðstefnur flugslysarannsakennda, annars vegar í Evrópu (ESASI) og hinsvegar á alþjóðavísu (ISASI) féllu hinsvegar niður árið 2020.


Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsókir sem í gangi voru á árinu 2020 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), AAIB (Bretland), TSB (Kanada), BEA (Frakkland) og BFU (Þýskaland).

Ekki voru haldnar flugslysaæfingar á vegum Isavia og því ekki um þátttöku rannsakennda RNSA þar að ræða líkt og undanfarin ár.

## BANASLYS

Ekkert banaslys varð í flugi á Íslandi á árinu 2020. Sex banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Eitt varð árið 2012 þegar fis TF-303 var í kennsluflugi, ofreis og fór í spuna á Reykjanesi en þar létust tveir. Árið 2013 létust einnig tveir menn þegar sjúkraflugvél TF-MYX brotlenti á Akureyri. Þá voru tvö banaslys á árinu 2015. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Á árinu 2019 urðu tvö banaslys, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot og hinsvegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmela.


Alls hafa því 11 einstaklingar farist í sex flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.



Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.

Ef litið er nánar á banaslys á síðustu 10 árum má meðal annars merkja að í fimm af sex banaslysum voru reynslumiklir atvinnuflugmenn um borð.

## Fjöldi banaslysa á ári íslensk skráðum loftförum






## OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2020


Í lok ársins 2019 voru 19 mál sem ekki var búið að ljúka og er það fækkun um 6 mál frá árinu 2019. Þar af voru átta mál frá árinu 2020, átta mál frá árinu 2019, eitt mál frá árinu 2018 og tvö mál frá árinu 2017. Þá er meðalaldur mála yfir meðallagi á milli ára og stó hann við lok árs í 1,41, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,23 ár. Þetta skýrist einkum af þremur málum sem eru á lokastigi en náðist ekki að ljúka fyrir áramót. Nánari upplýsingar um opin mál má sjá á vef RNSA.

### Aldur opinna mála



### Opin mál í árslok

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá að fækkun er á málum sem ekki var búið að ljúka í árslok ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 29.5 og eru opin mál í árslok því vel fyrir neðan meðaltal eða 19 talsins og hefur því verið náð tvisvar sinnum áður á síðastliðnum tíu árum.



Reykjavík – Janúar 2021

